

Umsögn um frumvarp til laga um stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum, 127. mál.

Rétt er að taka fram í byrjun, að fagna ber framkomnu frumvarpi um stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum og að undirritaður – fyrir hönd Fisktækniskóla Íslands styður markmið þess.

Rétt er þó að taka fram að mikilvægt sé að sú nefnd sem ætlað er að skipa og skila niðurstöðum, fái skýr skilaboð um hlutverk sitt, hverju hún á að svara, og til hvers eða hverra - enda í frumvarpinu vísað til nokkurra verkefna og jafnvel ólíkra. Verkefna sem falls undir mismunandi lög og forræði og gæti verið skynsamlegt að aðgreina í skýrslu eða jafnvel skipa fleiri nefndir sem skipta með sér verkum.

Sem dæmi má nefna er að, um þörf fyrir framhaldskóla og í framhaldi – ákvörðun um staðsetningu og fjármögnun, gilda önnur lög en það sem snýr að námsframboði og rekstri og það að geta brugðist við fjölgun og breytingum í samfélagi og atvinnuháttum á ákveðnu svæði. Staðsetning framhaldsskóla á Suðurnesjum kallar því á aðra upplýsingaöflun og greiningu og felur í sér greiningu sem tengist skipulagsmálum, samstarfi sveitarfélaga og jafnvel byggðastefnu, meðan námsframboð, breytingar í samsetningu íbúa og atvinnulífs krefst annars konar sérþekkingar, fellur undir aðra aðila til ákvörðunar og jafnvel ólík lagaákvæði. Þá er ekki víst að rétt sé að hafa alla þá fræðsluaðila, sem nefndir eru í frumvarpinu undir í sömu greiningu, þar sem þrjár skólar falla að mestu undir lög um framhaldsskóla. MSS fellur undir lög um framhaldsfræðslu og að mestu eldri markhóp, en framhaldsskólar.

Mikilvægt er að hafa í huga hverju á nefndin að svara.

Það er nokkuð ljóst að tvöföldun íbúafjölda á Suðurnesjum á áratug og hátt hlutfall ungs fólks á svæðinu - kallar á meira húsnæði undir fræðslustarfsemi á öllum skólastigum. Ef þörf er fyrir stækkun og nýbyggingu, fellur það yirleitt undir frumkvæði sveitarfélaga og síðan að sækja fjárveitingar í samstarfi við hið opinbera í samræmi við lög (getur verið mismundandi eftir eðli skóla – enda sumir skólar og frumkvæði alfarið á ábyrð hins opinbera). Ef markmiðið er í framhaldi, að ákvarða staðsetningu framhaldsskóla á Suðurnesjum, þá er það verkefni út af fyrir sig og ætti að falla undir skipulag sveitarfélaga.

Ef markmið nefndarinnar er að gera tillögur um að auka fjölbreytni námsframboðs á Suðurnesjum og/eða breytingar í kennsluháttum, með það að markmiði að mæta breyttri samsetningu íbúa og/eða til að mæta breytingum í atvinnulífi - krefst það annars konar greiningar og ekki víst að sömu aðilar og þeir sem ákvaðra staðsetningu ættu að koma að. Ekki hefur skort þekkingu, áhuga eða viðleitni Suðurnesjamanna í þá átt og ætti slíkt að falla undir smeiginlega nefnd skólafólks, sveitarfélaga og atvinnulífi á svæðinu. Ef það er markmið frumvarpsins að bæta úr námsframboði og að fjölga námsleiðum – þá er vandamálið fyrst og fremst samræming í héraði, verkaskipting og fjármögnun - eða frekar, skortur á fjármögnun verkefna á svæðinu og til lengri tíma.

Er markmið nefndarinnar er að svara því - af hverju skortur er á fjármögnun og finna leiðir til úrbóta - sem að mati undirritaðs er megin vandi framhaldssnáms á Suðurnesjum, þá er ljóst að þetta er vandi sem snýr að löggjafanum. Segja má að hann sé tvíþættur. Annars vegar vandi fjármögununar almennt – og þá sérstaklega nýrra starfsmenntaúrræða. Þessi vandi gildir annars vegar um framhaldskólann í heild sinni og er kerfislegur. Hinsvegar er þetta vandi sem snýr sérstaklega að fjárveitingum til Suðurnesja. Nokkuð sem sker sig úr innan kerfisins – og vert er að taka fyrir sérstaklega.

Almennur rekstrarvandi framhaldsskólans:

Tölur síðustu tveggja áratuga sýna, að framlög þr nemanda í framhaldsnámi, hafa hlutfallslega lækkað árlega frá því á níuanda áratug síðustu aldar. Það gerist á sama tíma og verkefni skólanna hafa aukist – og sífellt fleiri sækja framhaldsskóla. Um er að ræða aukningu frá þeim tíma sem 75% nemenda sóttu framhaldsnám að loknum grunnskóla – í yfir 97% að meðaltali í dag. Aukningin hefur fyrst of fremst verið hjá nemenda með lakari grunn til framhaldsnáms og nemendur sem áður fóru beint til vinnu að loknum grunnskóla. Engin miðlæg langtíma áætlun var sett fram til að mæta þessari breytingu á framhaldsskólanum, en treyst á oft tilviljanakennt frumkvæði skólanna – sem gjarnan var unnið af miklum vanefnum. Megin áherslan virðist hafa verið lögð á að auka stuðning við þá sem bættust við og þá innan þeirra kerfis sem fyrir var. Tilraunir um nýjar námsleiðir, svo sem um nýtt stutt starfstengt nám, biðu flestar skipbrot og straumurinn lá áfram inn í almennt bóknám til stúdentsprófs og þá gjarnan upprifjun úr grunnskóla til að uppfylla skilyrði.

Vandi skóla á Suðurnesjum.

Framhaldsnám á Suðurnesjum, hefur um áratuga skeið haft töluverða sérstöðu í íslensku menntakerfi og segja má, að skólar sem bjóða fram framhaldsnám hafi um margt verið hornreka í samanburði við aðra sambærilega skóla á landinu. Ein ástæða þessa má vissulega rekja til skorts á stefnumótun framhaldsnáms til lengri tíma – þó Suðurnesin teljist vart einstök hvað það snertir. Telja mætti aðra þætti og kerfislæga, sem hamlað hafa uppbyggingu framhaldsnáms og skólastarfi á Suðurnesjum og sem virðast eiga við Suðurnesin sérstaklega og brýnt væri að taka á, en það er sú staðreynd að erfitt virðist að taka tillit til vaxtar – umfram meðaltöl. Hér á ég við að fjölgun íbúa og nemenda á framhaldsskólastigi hefur verið hér langt umfram meðaltal. Skólar hafa fengið bætur eða aukin framlög vegna almennra hækkana verðalags og fólksfjölda á svæði – og virðist ganga jafnt yfir alla óháð rauntölum. Meðan reynt er að taka tillit til fækkunar nemenda í skólum þar sem fólkfækkun er, með því að milda niðurskurð og dreifa endurgreiðslum – auk þess að taka tillit til fastakostnaðar, þá hefur hinu opinber ekki tekist jafn vel til, þar sem fjölgun hefur verið á svæðum – eins og t.d. á Suðurnesjum. Þá er jafan vísað til kröfu um hagræðingau og bætur síðar – sem oftast en ekki hafa ekki borist og ef svo, þá lægri en raunkostnaður.

Hlutfall ungs fólks og fólks með litla formlega menntun hefur verið hátt á Suðurnesjum í áratugi og sveiflur í atvinnulífi miklar. Í stað þess að gera svæðinu kleift að mæta þeim sveiflum með varanlegum aðgerðum, hefur niðursveiflu á Suðurnesjum gjarnan verið mætt með tímabundnum „aðgerðum“ og fjárveitingum.

Sérstaða Fisktækniskóla Íslands:

Fisktækniskóli Íslands er sérskóli og er eini skólinn á Suðurnesjum og eini skólinn á landinu, sem býður fram heildstætt starfstengt grunnnám á framhaldsskólastigi fyrir sjómenn, háseta, fiskvinnslufólk, starfsfólk í fiskeldi og netagerð (veiðarfæratækni).

Þá hefur skólinn þá sérstöðu að hann gerir öðrum framhaldsskólum og fræðsluaðilum víða um land kleift, að bjóða fram grunnnám í sinni heimabyggð – óháð fjölda í hópi og því hvenær nemendur innritast. Þeir nemendur ljúka námi frá sínum heimaskóla og fjármagn til kennslu rennur þangað. Fisktækniskóli Íslands uppfyllir því öll skilyrði sem sérskóli á sýnu sviði og sem „kjaraskóli“ á mikilvægu sviði sjávarútvegs og fiskeldis. Skólinn hefur frá upphafi notið öflugstu stuðnings aðila vinnumarkaðar og grunnnám skólans metið til launa samkvæmt kjarasamningum frá 2015. Skólinn hefur hinsvegar ekki notið sama stuðnings hins opinbera og hefur verið undirfjármagnaður frá upphafi. Mest öll þróunarvinna hefur verið unnin með sjálfsafla fé og skólinn hefur – frá stofnun fram til 2016 verið fjármagnaður til bráðbirgða – og jafnvel tilviljanakennt frá önn til annar og jafnan

eftir að skólaárið var hafið. Þá hefur skólinn ekki fengið fjárveitingar og verðbætur í samræmi við aðra framhaldsskóla. Hann hefur heldur ekki notið sömu kjara og aðrir sambærilegir einkaskólar á framhaldsskólastigi – svo sem vegna húsnæðis og vegna launa í stjórnun. Skólinn hefur ekki fengið framlag sem „kjarnaskóli“, sem margir skólar hafa fengið, sem sinnt hafa sérstaklega ákveðnum sviðum starfsmenntunar – jafnvel þó skólinn hafi algjöra sérstöðu hvað varðar námsframboð og sinnir hlutverki sínu sem slíkur um land allt – öðrum skólum að kostnaðarlausu.

Fisktækniskóli Íslands hefur – fyrir löngu – sannað tilverurétt sinn og að bæði sé þörf og eftirspurn eftir náminu, bæði meðal ungs fólks, starfandi fólks í greininni. Þá kallar atvinnulífið eftir meiri menntun.

Það er ósk okkar í Fisktækniskóla Íslands - að hið opinbera taki af allan vafa um það að reka eigi myndarlegan skóla á þessu einu mikilvægasta sviði atvinnulífs á Íslandi - og að þeirri ákvörðun verði fylgt eftir með nauðsynlegum fjárveitingum til lengri tíma. Sjávarútvegur á Íslandi hefur um all nokkuð skeið verið einn sá framsæknasti og öflugasti í heiminum í dag og haft forskot á við samkeppnislönd. Ætlum við að halda því forskoti þarf að efla menntun á þessu sviði – og ekki síst á sviði starfsmenntunar á framhaldsskólastigi. Fisktækniskóli Íslands hefur sannað gildi sitt og er tilbúinn til þessa verkefnis. Það verður hinsvegar ekki gert - nema að löggjafinn og hið opinbera taki af allan vafa um að svo eigi að vera og fylgi því eftir með fjárveitingum sem til þarf.

Virðingarfyllt,

Grindavík 5. desember 2019

Fh Fisktækniskóla Íslands,

Ólafur Jón Arnbjörnsson, skólameistari

Stjórn Fjölbrautaskóla Suðurnesja fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum. Stjórnin vill þó árétta að verði slíkur starfshópur skipaður er nauðsynlegt að fulltrúi Fjölbrautaskólans verði í hópnum.

Hinu fjölbreytta námsframboði skólans er ekki bara ætlað að mæta kröfum og þörfum atvinnulífsins heldur einnig að undirbúa nemendur undir frekara nám.

Framtíðaruppbygging skólans og hugmyndir um breytta staðsetningu hans getur ekki aðeins verið mál ríkis og sveitarfélaganna heldur er mikilvægt að sjónarmið fulltrúa skólans komi þar einnig fram.

Reykjanesbær 2.12.2019

Athugasemd við þingsályktunartillögu

Þingskjal 127

Sendandi: Kristján Ásmundsson skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Stjórn Fjölbrautaskóla Suðurnesja fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum. Stjórnin vill þó árétta að verði slíkur starfshópur skipaður er nauðsynlegt að fulltrúi Fjölbrautaskólans verði í hópnum.

Framtíðaruppbygging skólans og hugmyndir um breytta staðsetningu hans getur ekki aðeins verið mál ríkis og sveitarfélaganna heldur er mikilvægt að sjónarmið fulltrúa skólans komi þar einnig fram.

Eftirfarandi punktar eru til að gefa hugmynd um núverandi starfsemi skólans og á margan hátt sérstöðu hans sem taka þarf tillit til þegar fjallað er um málefni hans og framtíðarskipulag náms á Suðurnesjum. Nemendur skólans eru rúmlega 900 en auk þeirra stunda yfir 100 grunnskólanemendur nám í einstaka greinum og geta þannig flýtt fyrir sér í námi. Með þessu er um raunveruleg fljótandi skil milli skólastiga að ræða en þetta hefur verið gert lengi og gefist vel. Nemendum hefur ekki fækkað eins og gert var ráð fyrir vegna styttingar á námstíma til stúdentsprófs og því eru nemendur í fullu námi, eins og það er orðað, yfir 830.

Eftirfarandi kemur fram í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2020

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2018 ²	Fjárlög 2019 ³	Frumvarp 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.289,20	1.432,00	1.480,60	1.480,60	1.480,60
Ársnemendur/nemendur í fullu námi		823	830	hækkun	0,9%
þús. kr. á nemanda í fullu námi		1,740	1,784	hækkun	2,5%
Hækkun á fjárlögum frá fyrra ári		11,1%	3,4%		

Fjárframlögin jukust um rúm 11% á milli árana 2018 og 2019 sem skýrist af hækkun á framlagi vegna húsaleigu en Fasteignir ríkissjóðs hækkuðu leigu húsnæðisins, vegna markaðsleiguverðs. Þetta aukna framlag ríkissjóðs var 114,3 milljónir króna en ef það er dregið frá framlagi ársins þá kemur í ljós að raunhækkun milli 2018 og 2019 er 2,2% sem þá er ætlað að mæta öðrum kostnaðarhækkunum á þessu ári.

Fjárframlögin til skólans milli árana 2019 og 2020 munu aukast um 3,4% sem er jákvætt (meðaltalshækkun allra skóla er 3,8%) en hafa verður í huga að hluti af hækkun FS stafar af

fjölgun ársnema en þeim fjölgar um 7. Nemendum fjölgaði í haust frá því sem var síðastliðið haust en stefna skólans er að vísa engum nemenda frá sem sækir um skólavist.

Eins og staðan er í dag þá er rekstrarstaðan óljós. Skólinn á ennþá eftir að fá fluttan afgang frá því á síðasta ári auk þess sem enn á eftir að gera upp og leiðrétt framlag til starfsbrautar frá árinu 2018. Þetta er bagalegt þar sem vinna við áætlunargerð fyrir næsta ár er hafin og búið er að skila áætlun inn þó ekki sé ljóst hvernig uppgjör síðasta árs var. Þetta hefur sömuleiðis áhrif á uppbyggingu og viðhald búnaðar og tækja. Því er ekki hægt að segja með vissu hvort framlag til skólans dugar en eins og áður leggjum við metnað okkar í að vera réttu megin við núllið í lok árs.

Aðsókn að starfsnámi hefur aukist og núna er tvöföld grunndeild bæði í raf- og trúnaðgreinum en nokkuð langt er síðan það hefur verið. Það er brýnt að gera úrbætur varðandi aðstöðu til verklegrar kennslu sem fyrir löngu er sprungin. Búið er að setja af stað vinnu við þarfagreiningu fyrir skólann á aðstöðu til verknámskennslu sérstaklega en jafnframt að huga að öllum framtíðarkostum hans með tilliti til íbúapróunar á svæðinu. Rétt er að geta þess að mögulegt er að byggja við skólann á núverandi stað. Þessi þarfagreining er unnin af Verkfræðistofu Suðurnesja og verður vonandi gott innlegg í umræðu um framtíðarskipulag náms á Suðurnesjum.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er annar fjölmennasti framhaldsskólinn utan höfuðborgarsvæðisins og í hópi fjölmennustu skóla landsins með fjölbreytt námsframboð. Skólinn er hins vegar með lægst framlag á hvern nemanda í fullu námi miðað við sambærilega skóla eins og sjá má á eftirfarandi töflu (tekið úr frumvarpi til fjárlaga). Þarna skiptir hlutfall verknámsnemenda vissulega máli en það hlutfall er ekki lægst hjá FS. Þetta getur stafað af mismunandi húsnaðisframlagi til skólanna sem væri þá enn frekar til marks um nauðsyn þess að bæta úr húsnaðismálum skólans.

Skóli	Ársnemendur. Fjárlög 2019 ¹	Nemendur í fullu námi. Frumvarp 2020 ²	Fjárlög 2020 m.kr.	Þús.kr. á nemanda í fullu námi
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	313	330	779,1	2360,9
Verkmenntaskólinn á Akureyri	951	950	1994,1	2099,1
Fjölbrautaskóli Vesturlands	449	450	906,8	2015,1
Tækniskólinn	2001	2050	4114,5	2007,1
Fjölbrautaskóli Suðurlands	695	750	1478,5	1971,3
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1024	1030	1969,3	1911,9
Borgarholtsskóli	993	1030	1936,3	1879,9
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	823	830	1480,6	1783,9

Við getum svo sem verið stolt af því að mennta iðnaðarmenn með lægstum tilkostnaði sem eru ekki lakari en þeir sem koma annarsstaðar frá! Við verðum samt að geta boðið nemendum skólans upp á jafngóða aðstöðu og er í boði annarsstaðar.

Hinu fjölbreytta námsframboði skólans er jöfnum höndum ætlað að mæta kröfum og þörfum atvinnulífsins sem og að undirbúa nemendur undir frekara nám.

Námsframboð skólans er mjög fjölbreytt, bæði bóklegt nám til stúdentsprófs, nám til starfsréttinda á vinnumarkaði og stuttar starfsnámsbrautir sem taka mið af þörfum atvinnulífsins. Einnig er starfsbraut fyrir einstaklinga sem þurfa sértæka aðstoð vegna fötlunar, í dag eru tæplega 60 nemendur á þeirri braut. Þar er markmiðið að búa þau undir sjálfstæða búsetu seinna meir og kynna þeim störf á vinnumarkaði gegnum starfskynningu með það fyrir augum að finna störf sem þau geta unnið. Huga þarf að því að bæta aðstöðu starfsbrautarinnar vegna fjölbreytileika nemendanna sem þar stunda nám.

Af ofansögðu má ljóst vera að námsframboð skólans er mjög fjölbreytt enda leggjum við metnað okkar í að taka á móti öllum sem til okkar leita og segjum að allir eigi að geta fundið nám við sitt hæfi. <https://www.fss.is/index.php/namid/brautir>

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er ekki einsleitur skóli heldur endurspeglar hann samfélagið allt. Þar sem allir nýnemar, sem leita eftir skólavist, eru teknir inn þá koma líka þeir sem hafa ekki mikla skuldbindingu gagnvart námi en það er mikilvægt að halda þeim nemendum í virkni og vekja áhuga hjá þeim á námi eða störfum. Því viljum við reyna að búa sem best að nemendum okkar og gleðiefni fyrir okkur að vinna er hafin við hönnun og byggingu á nýju vinnu- og félagsrými við skólann.

Brotthvarf hefur verið of mikið en unnið hefur verið að því að draga úr því undanfarnar annir og mikilvægt að geta haldið því áfram. Í því sambandi verður að huga að nokkrum þáttum. Nærri helmingur nemenda sem innritast á hverju hausti í skólann uppfyllir ekki skilyrði til inngöngu á aðrar brautir en starfsbraut, fornám og framhaldsskólabraut (áður almenn braut). Þetta eru þeir nemendur sem hafa hvað minnsta skuldbindingu gagnvart námi og eru því í mestri brotthvarfshættu. Annar hópur sem hefur farið stækkandi undanfarin misseri eru nemendur af erlendum uppruna en þeim hefur fjölgað mjög mikið á þessu ári.

Báðir þessir hópar útheimta aukið utanumhald og aðstoð, bæði félagslega og sérstaklega námslega. Þetta eru atriði sem vert væri að skoða betur og ekki er tekið nógu mikið tillit til í reiknilíkaninu. Þessir hópar þurfa meiri stuðning námslega en hægt er að veita við núverandi stöðu og er ágætt að hafa þetta í huga þegar verið er að ræða um menntun fyrir alla.

Það var sérverkefni í gangi á vegum ráðuneytisins sem lauk síðastliðið vor sem var mjög gott og var það nýtt til að sporna gegn brotthvarfi, meðal annars með því að veita sálfræðipjónustu í skólanum, ráða tvo verkefnastjóra. Annan til að halda utan um nemendur af erlendum uppruna og hinn til að fylgjast sérstaklega með fjarvistum nemenda og fleira sem sjá má í sjálfsmatsskýrslu skólans og skólaskýrslunni sem er á vef skólans á slóðinni: <https://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skyrslur-og-samningar>.

Það hlutfall sem innritast á áðurnefndar brautir er hátt eins og áður sagði og því mætti gera könnun og athuga hvort staða menntunar og menntunarstig á Suðurnesjum sé frábrugðið því sem gerist annarsstaðar á landinu. Það eru orðin ein 10 ár síðan slík könnun var gerð síðast meðal íbúa á Suðurnesjum og því tímabært að ráðast í slíka greiningu aftur. Ef niðurstaðan leiðir í ljós að ástandið á svæðinu sé frábrugðið því sem er annarsstaðar þá er vissulega þarft verkefni fyrir ríki og sveitarfélög að hrinda af stað átaki og koma með áætlun til að bæta þar úr.

Hlutfall íbúa af erlendum uppruna er hæst í Reykjanesbæ eða um 25%. Ef sá hópur á að ná að aðlagast samfélaginu þá vantar aukið fjármagn til að sinna því. Hluti þess styrks, sem veittur var til að sporna gegn brotthvarfi, var nýttur í að ráða verkefnastjóra, eins og áður sagði, en hlutverk hans er meðal annars að halda utan um þá nemendur af erlendum uppruna sem eru í námi í skólanum. Sú aðstoð er ekki bara að aðstoða þessa nemendur námslega heldur einnig varðandi félagslega þætti og hefur gefist vel. Þetta er þjónusta sem þarf að vera í boði til að mæta þeim fjölda nemenda af erlendum uppruna sem sækir nám hér. Í haust voru um 12% nýnema af erlendum uppruna sem er svipað hlutfall og nemendur af erlendum uppruna í skólanum, af a.m.k. 18 ólíkum þjóðernum.

Áðurnefndur styrkur er ekki lengur í boði en við höfum haldið áfram að veita þessa þjónustu þ.e. sálfræðiaðstoðina, séraðstoð við nemendur af erlendum uppruna og aukastuðning við nemendur á framhaldsskólabrautum (NEMÓ) vegna þess að það skilar árangri.

Skólinn hefur sótt um styrk til að útfæra nám á sjúkraliðabraut fyrir Pólverja og kenna það en margir Pólverjar eru í umönnunarstörfum á heilbrigðisstofnunum og þá ófaglærðir. Sótt var um í sjóð sem stofnaður var sérstaklega vegna falls WOW á sínum tíma en ekki hefur fengist svar við þessari beiðni.

Það er mjög gleðilegt fyrir okkur að nú loksins er hafin hönnun á stækkun vinnu- og félagsrýmis fyrir nemendur og vonandi gengur þetta hratt og vel svo hægt verði að taka það í notkun næsta haust. Við bindum miklar vonir við að þessi bygging geti orðið nokkurskonar hjarta í stofnuninni og auðveldað okkur að búa sem best að okkar nemendum þannig að þeim líði vel í skólanum en það skilar jafnan betri árangri.

Við erum stolt af skólanum okkar og viljum að hann sé til fyrirmyndar á allan hátt. Þeir gestir sem hafa heimsótt okkur hafa verið mjög ánægðir með það sem þeir hafa upplifað og séð.

Við treystum því að þingmenn kjördæmisins séu okkur sammála og vilji leggja okkur lið í viðleitni okkar til að skólinn geti áfram talist fyrirmyndar stofnun.

Virðingarfyllt

Kristján Ásmundsson

Skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja



Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Grindavík, 4. desember 2019

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótun náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum. Lagt fram á 150. löggjafarþingi 2019-2020. Þingskjal 127 – 127. mál.

Á 1533. fundi bæjarráðs Grindavíkur sem haldinn var 3. desember sl. var svofelld bókun samþykkt:

Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni þá hefur fjölgun landsmanna undanfarin ár verið hlutfallslega mest á Suðurnesjum og langt umfram meðalfólksfjölgun í landinu. Á árinu 2018 fjölgaði íbúum á Suðurnesjum um 5,2% en árið 2017 var fólksfjölgunin um 7,4%. Samsetning íbúa á Suðurnesjum er einnig ólík því sem gerist í öðrum landshlutum þar sem fjórðungur íbúa er af erlendu bergi brotinn. Menntunarmöguleikar þurfa að endurspegla þörfina og það fjölbreytta samfélag sem þrífst á Suðurnesjum. Annað atriði sem taka þarf tillit til við skipulag náms á framhaldsskólastigi á svæðinu er hátt hlutfall vaktavinnufólks. Fjölbreyttar námsleiðir og sveigjanlegar kennsluaðferðir verða að vera í boði fyrir þann hóp, bæði fyrir framhaldsmenntun og símenntun.

Í ljósi þessa fagnar bæjarráð Grindavíkur og lýsir yfir ánægju sinni með framkomna þingsályktunartillögu og telur mikilvægt að tillagan verði samþykkt af Alþingi og að skipaður verði starfshópur um framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum.

Eins tekur bæjarráð Grindavíkur heilshugar undir umsögn frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Framangreind afgreiðsla tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

f.h. bæjarráðs Grindavíkur

 Bæjarstjórnin
í Grindavík



Fannar Jónasson

bæjarstjóri



Keilir - Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

4.12.2019

Stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum

127. mál á 150. löggjafarþingi

Keilir er alhliða menntafyrirtæki í eigu háskóla, fyrirtækja og almennasamtaka. Skólinn skiptist í fjögur sérhæfð megin svið, en innan hvers þeirra er fjölbreytt námsframboð. Þá býður Keilir upp á opin framhaldsskólanámskeið og undirbúningsnám fyrir bæði framhalds- og háskólanám. Aldrei hafa fleiri nemendur stundað nám eða sótt námskeið á vegum Keilis og stefnir í met í fjölda umsókna á vorönn 2020.

Frá upphafi hefur skólinn einsett sér að byggja upp námsmannasamfélag þar sem boðið er upp á vandað nám með áherslu á nútímalega kennsluhætti, fyrsta flokks aðstöðu og náið samstarf við atvinnulífið. Keilir hefur útskrifað rétt um þrjú þúsund nemendur frá stofnun skólans árið 2007. Skólinn er sérhæfður og leggur áherslu á persónulega þjónustu, ásamt nútímalegum og fjölbreyttum kennsluháttum, bæði í fjarnámi og staðnámi. Einnig að nemendum sé skapað traust og gott námsumhverfi. Keilir starfar samkvæmt þjónustusamningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um kennslu á framhaldsskólastigi en þar sem starfsemi skólans er ekki á fjárlögum hamlar það framtíðar stefnumótun og áætlunargerð skólans verulega.

Árið 2011 gerði Capacent könnun á menntunarstigi í tengslum við verkefnið Efling menntunar á Suðurnesjum, sem var sett á laggirnar af ríkisstjórn við árslok 2010. Í þeirri könnun sögðust 17,7% svarenda hafa lokið háskólaprófi. Árið 2017 var þetta hlutfall orðið um 24% (MMR, 2017). Hlutfall háskólamenntaðra á Suðurnesjum hefur þannig farið ört hækkandi, þó það sé enn þónokkuð undir landsmeðaltali en alls höfðu um 43,7% landsmanna á aldrinum 25-64 ára lokið háskólaprófi árið 2018 (Hagstofa Íslands, 2019).



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Keilir gegnir mikilvægu hlutverki á Suðurnesjum og hefur átt stóran þátt í að draga úr áfallinu sem varð við lokun herstöðvarinnar á Miðnesheiði og í uppbyggingu Ásbrúar í kjölfarið. Svæðið varð enn fyrir búsiðjum við fall flugfélagsins WOW og fækkunar ferðamanna í kjölfarið, en um 700 störf töpuðust á svæðinu.

Stjórnendur Keilis fagna umræðu og þingsályktunartillögu um stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum, en löngu er orðið tímabært að heildstæð menntastefna sé mótuð fyrir svæðið.

Fólksfjölgun á Suðurnesjunum undanfarin ár hefur verið mikil og er Reykjanesbær orðið stærsta sveitarfélag utan höfuðborgarsvæðisins. Framlög ríkisins til menntamála á svæðinu hafa ekki fylgt þessari þróun.

Á Suðurnesjunum er viðvarandi hátt atvinnuleysi og mikil fjölgun fólks af erlendu bergi brotnu. Það kallar á nýstárleg og sveigjanleg menntaúrræði fjölbreyttra menntastofnanna. Til þess að virkja betur þann mannauð sem býr á svæðinu og framtíðar atvinnutækifæri, er mikilvægt að ýta undir og styðja fjölbreytt framhaldsnám sem undirbýr fólk á öllum aldri fyrir nám og störf.

Sér í lagi þarf að huga að nýstárlegum kennsluháttum sem mæta þörfum og kröfum bæði nútíma nemenda sem og atvinnulífs í hraðri þróun. Auk þess verða menntastofnanir að geta brugðist hratt og faglega við þeim áskorunum og tækifærum sem verða til á svæðinu.

Með stefnumótun og framtíðarskipulagi náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum er stigið mikilvægt og þarft skref í átt að því að mæta þessum áskorunum, og er mikilvægt að fulltrúar þeirra menntastofnana sem sinna framhaldsnámi að loknum grunnskóla komi að borðinu.

Fulltrúar Keilis lýsa sig reiðubúna til að taka virkan þátt í slíkri vinnu.

Virðingarfyllt,

Jóhann Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri Keilis

Reykjanesbær, 2. desember 2019

Umsögn vegna frumvarp til laga um stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum, 127. mál

Fyrir hönd Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum fögnum við framkominni tillögu til þingsályktunar um stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum. MSS vill þó áréttta að tillagan taki líka til framhaldsfræðslunnar og ef skipaður verði starfshópur þá ætti fulltrúi MSS að vera í hópnum.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum sinnir framhaldsfræðslu á Suðurnesjum með samningi við Fræðslusjóð og sinnir einnig íslenskukennslu með samningi við Rannís. Fjármagn í íslenskukennslu og í gegnum Fræðslusjóð fer í gegnum umsóknir sem veittar eru til eins árs í einu. Upphæð umsókna frá fræðsluaðilum hefur almennt hækkað ár frá ári og er staðan sú að MSS fær úthlutað miklu minna fjármagni en raunveruleg þörf er á og því er ekki hægt að anna eftirspurn frá notendum framhaldsfræðslunnar. Það leiðir til þess að aðgangur að framhaldsfræðslu er heftur og hindrar sí- og endurmenntun fullorðinna einstaklinga sem þó er svo mikilvæg í okkar samfélagi.

Íbúum sem hafa íslensku sem annað tungumál fjölgar sífellt hér á Suðurnesjum en fjármagn til íslenskukennslu hefur ekki aukist í sama takti. Það þýðir að ekki er hægt að bjóða upp á íslenskunámskeið fyrir alla sem þurfa á því að halda. Það leiðir til að þessir einstaklingar læra íslensku seinna en æskilegt er og aðlagast síðar en ella að okkar samfélagi.

Staðan í ár var orðin mjög alvarleg og leit út fyrir að engin íslenskunámskeið og fáar námsleiðir yrðu í boði í haust í MSS. Ríkisstjórn Íslands ákvað þá að setja inn fjármuni í menntun inn á svæðið og m.a. í framhaldsfræðsluna vegna falls WOW. Sú aðgerð gerði MSS kleift að koma til móts við þá eftirspurn sem var eftir þessari þjónustu að mestu leyti en þó var heldur meiri eftirspurn heldur en fjármagnið leyfði. Fjármagnið sem kom inn um sumarið og haustið frá ráðuneytinu gerir MSS kleift að halda uppi eðlilegri starfsemi út árið 2019.

Nú horfum við fram á árið 2020 og sjáum við ekki að eftirspurn eftir þjónustu MSS muni minnka nema síður sé. Staðan er sú að það fjármagn sem MSS fær úthlutað til námsleiða Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins hefur ekkert hækkað á undanförunum árum og þar sem fjármagn í Fræðslusjóð mun lækka á næsta ári þá er staðan sú að mjög lítið fjármagn verður í



framhaldsfræðslukerfinu fyrir íbúa á Suðurnesjum sem hefur fjölgað gífurlega á undanförunum árum. Svipað er á teningnum varðandi íslenskunámskeið fyrir útlendinga en hlutfallslega munu færri íbúar svæðisins geta sótt íslenskunámskeið á næsta ári en hefur verið hingað til. Því er fyrir séð að nemendum verði vísað frá.

Framhaldsfræðslan er mikilvæg til að virkja einstaklinga til þátttöku í samfélaginu og auka menntunarstig í landinu. Þar sem Suðurnesin standa höllum fæti á því sviði er sérstaklega mikilvægt að auka þennan þátt.

F.h. Miðstöðvar sámenntunar á Suðurnesjum

Guðjónína Sæmundsdóttir
forstöðumaður MSS



Reykjanesbær, 4. desember 2019

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum.

Reykjanesbær fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum. Í tillögunni er lagt til að skipaður verði starfshópur sem hafi það hlutverk að undirbúa stefnumörkun náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum, kanna hvernig best megi fjölga námsplássum á svæðinu með hliðsjón af fólksfjölgun og fjölbreyttum menningarlegum bakgrunni íbúa og auka framboð námsleiða á sviði tækni og nýsköpunar. Ennfremur að skoða hvernig tryggja megi rekstur náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum til framtíðar, leggja fram tillögur að framtíðaruppbyggingu Fjölbrautaskóla Suðurnesja, þar með talið staðsetningu. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að niðurstöður liggi fyrir í júní 2020.

Eins og fyrr segir styður Reykjanesbær tillöguna og lýsir sig ennfremur tilbúinn að leggja vinnunni lið með þeim hætti sem óskað verður eftir.

Í greinargerðinni með tillögunni er farið yfir sérstöðu svæðisins og meðal annars á það bent að fjölgun íbúa hefur verið hlutfallslega mest á Suðurnesjum miðað við aðra landshluta undanfarin ár. Íbúum í Reykjanesbæ hefur til að mynda fjölgað um tæplega 5000 íbúa frá árinu 2014 eða um rúmlega þriðjung. Þannig voru íbúar Reykjanesbæjar 14.524 árið 2014 en eru nú 19.391 og þar með fjórða stærsta sveitarfélag á landinu.

Jafnframt er bent á það í greinargerðinni að samsetning íbúa á Suðurnesjum er ólík flestum öðrum landshlutum þar sem fjórðungur íbúa er af erlendu bergi brotinn. Í Reykjanesbæ fer þetta hlutfall sífellt hækkandi og í dag eru íbúar sveitarfélagsins sem eru með erlent ríkisfang 4.972 eða 25,7% allra íbúa. Fyrir fjórum árum voru íbúar með erlent ríkisfang 11,2% allra íbúa í Reykjanesbæ.

Þessi þróun sést einnig vel í grunnskólum Reykjanesbæjar þar sem tví- eða fjöltyngdir nemendur telja rúmlega fjórðung allra nemenda. Nemendafjöldi í grunnskólum Reykjanesbæjar var liðlega 2000 fyrir fimm árum síðan en eru nú að nálgast 2500. Það er því ljóst að huga þarf vel að því að styrkja framhaldsskólastigið á svæðinu á komandi árum.

Sú mikla íbúafjölgun og samsetning íbúa kallar ennfremur á að horft sé sérstaklega til svæðisins með tilliti til almennrar uppbyggingar menntunar og fjölbreytilegra menntunarmöguleika eins og segir í tillögunni.

Við höfum ekki orðið varhluta af kennaraskorti undanfarin ár. Þó að það vandamál sé víðar en á Suðurnesjum þá höfum við horft á öra neikvæða þróun í þeim efnum. Mikilvægt er að leita allra ráða til að bregðast við því. Ýmsar almennar aðgerðir hefur verið farið í að undanfögnu af hálfu stjórnvalda og er það vel. Jafnframt er mikilvægt að við skoðum sérstaklega hvernig hægt er að bregðast við yfirvofandi kennaraskorti á okkar svæði. Það er sannarlega verðugt verkefni fyrir starfshópin að líta til og ekki mun standa á okkar frumkvæði og stuðningi í þeim efnum.

Eins og segir í tillögunni hafa menntastofnanir eins og Keilir, Fisktækniskólinn og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum sannað gildi sitt fyrir samfélagið hér á Suðurnesjum og lagt þung lóð á vogarskálarnar í uppbyggingu menntunar á svæðinu. Eins og segir í greinargerð með tillögunni hefur menntunarstig fólks á svæðinu hækkað, ekki síst fyrir tilstuðlan fyrrgreindra menntastofnana. Hins vegar þarf að gera enn betur í þeim efnum. Samkvæmt Lýðheilsuvísium 2019 sem finna má á vef Embættis landlæknis er hlutfall háskólamenntaðra á Suðurnesjum 22% á meðan það er 41,2 á landinu öllu. Það er því mikilvægt að standa enn betur við bakið á menntastofnunum á svæðinu, þannig að þær geti eflst enn frekar.

Eins og segir í upphafi þá fagnar Reykjanesbær þessari tillögu til þingsályktunar og lýsir sig reiðubúinn til að styðja við verkefnið með öllum ráðum. Tekið er undir það sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að mikilvægt er að byggja upp öflugt menntasamfélag á Suðurnesjum þar sem horft er til sérstöðu svæðisins, bæði styrkleika þess og veikleika.

Virðingarfyllst,
Helgi Arnarson
Sviðsstjóri Fræðslusviðs Reykjanesbæjar



Alþingi, nefndasvið

Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Reykjanesbær 29. nóvember 2019

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótun náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum. Lagt fram á 150. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 127 — 127. mál.


Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fagnar fram komni tillögu til þingsályktunar stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum.

Í Fjármálaáætlun ríkisins 2020-2024 kemur fram að það sé stefna stjórnvalda að efla menntun í landinu og þá sérstaklega með því að fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi. Ríkisvaldið hefur m.a. ákveðið að styðja við nám til stúdentsprófs í tölvuleikagerðs sem þróunarverkefni hjá Keili en mikilvægt er að framhald verði á því námi. Einnig er mikilvægt að skoða hvort nemar í starfs- og tækninámsgreinum geti lokið námi sínu ígildi stúdentsprófs sem veitir þeim aðgang að háskólanámi.

Mikilvægt að tryggja það að nemendur af erlendum uppruna hverfi ekki frá námi úr framhaldsskólum en það skiptir íbúa á Suðurnesjum miklu máli að vel sé staðið að þessu máli í ljósi þess að 23,05% íbúa á Suðurnesjum eru af erlendu þjóðerni.

Erlendir ríkisborgarar
eru hærra hlutfall af íbúum Suðurnesja en almennt
á landinu

Hlutfall erlendra ríkisborgara 2019






Íbúasamsetning á Suðurnesjum er ólík öðrum landshlutum. Hærra hlutfall ungs fólks býr á Suðurnesjum en annarsstaðar.

Fólkið á Suðurnesjum

- Hærra hlutfall á íbúa Suðurnesja er á aldrinum 21 til 45 ára en annars staðar á landinu.
- Á móti kemur að hærra hlutfalla íbúa 46 ára og eldri er búsett annars staðar á landinu.



Á síðustu árum hefur orðið gríðarleg fólksfjölgun á Suðurnesjum sem skýrist að miklu leyti af verulega auknum umsvifum á Keflavíkurflugvelli. Þannig voru íbúar Suðurnesja 21.560 árið 2014 en 27.730 í október 2019. Reykjanesbær er orðinn fjórða stærsta sveitarfélag landsins. Þar með skýst bærinn upp fyrir Akureyri sem hefur verið það fjórða stærsta í áraradír.


Íbúum Suðurnesja hefur fjölgað um 30,8% á frá 2013

Frá árinu 2013 til október 2019 hefur íbúum á Suðurnesjum fjölgað um 30,8%.

Íbúum hefur á tímabilinu fjölgað um 6.524. Til samanburðar voru íbúar Vestfjarða 7.084 í október 2019 og Vestmannaeyja 4.330.


Á tímabilinu hefur landsmönnum fjölgað um 12% eða um 38.724 íbúa.

Þróun íbúafjölda 2013 til október 2019





Teikn eru á lofti um að atvinnuleysi sé að aukast á Suðurnesjum. Fall Wow-air setti spor sín á atvinnulíf svæðisins. Í september mánuði mældist atvinnuleysi á Suðurnesjum 5,2 meðan að landsmeðaltalið var 3,3%.



Atvinnuleitendum fer fjölgandi

- Atvinnuleitendum hefur fjölgað mikið á milli ára á Suðurnesjum og voru þeir fleiri í september 2019 en árið 2013.
- Hlutfall erlendra ríkisborgara á meðal atvinnuleitenda hefur farið vaxandi á Suðurnesjum og er hærra en annars staðar á landinu.



Keilir á Ásbrú hefur verið starfræktur frá árinu 2007. Hann hefur frá stofnun skólans útskrifað rétt um 3000 nemendur. Flesta af háskólabrú en ástæður fyrir því að nemendur hafa ekki lokið stúdentsprófi á hefðbundinn hátt eru margvíslegar, m.a. félagslegar, efnahagslegar eða námsörðuleikar. Keilir nýtur ekki jafnræðs í framlögum frá ríkinu í samanburði við aðra einkaskóla á framhaldsskólastigi. Menntaskóli Borgarfjarðar, Verslunarskóli Íslands og Tækniskólinn eru einkaskólar með samning við ríkið auk þess sem þeir eru inn í reiknilíkani framhaldsskóla en þar situr Keilir ekki við sama borð. Einnig er það athyglisvert að greidd eru nemendaígildi með skipstjórnarnámi en ekki flugnámi.

Fisktækiskóli Íslands í Grindavík er lykilaðili í að mennta hæft starfsfólk í sjávarútvegi sem getur tekist á við verkefni framtíðarinnar. Samkvæmt stefnu stjórnvalda sem kemur m.a. fram í Fjármálaáætlun ríkisvaldsins segir að Ísland ætli sér að verða í fremstu röð þegar kemur að sjávarútvegi og sjávarafurðum. Ljóst er að sú stefna mun ekki ná fram að ganga nema þjóðin hafi úr að spila vel menntuðu starfsfólki í greininni.

Að þessu sögu er það mikilvægt að þingsályktunartillagan nái fram að ganga og þarfir íbúa og atvinnulífsins verði kortlagðar og gerðar verði í framhaldi tillögur til úrbóta.

Virðingarfyllst,

f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Berglind Kristinsdóttir

Berglind Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri.



SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabæ, 29. nóvember 2019
1902075 BJS

00.0

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Efni: Stefnunótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum

Á 33. fundi bæjarráðs Suðurnesjabæjar dags. 16. október 2019 var tillaga til þingsályktunar um stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum til umsagnar og eftirfarandi bókað.

„Bæjarráð lýsir ánægju með framkomna þingsályktunartillögu og tekur mikilvægt að tillagan verði samþykkt af Alþingi og að skipaður verði starfshópur um framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum“

Þetta tilkynnist hér með.

Bergný Jóna Sævarsdóttir
sviðsstjóri stjórnsýslusviðs



Suðurnesjabær, 4. desember 2019

**Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík**

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótun náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum. Lagt fram á 150. löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 127 — 127. mál.

Þekkingarsetur Suðurnesja og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum (áður Háskólasetur Suðurnesja) fagna fram kominni tillögu til þingsályktunar um stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum, og að skipaður verði starfshópur um málið. Þróun náms og kennslu hefur vaxið og dafnað á svæðinu á síðustu árum en til þess að svo megi áfram verða, og þá í takt við fjölgun íbúa og þróun atvinnulífs á svæðinu, þarf fyrst og fremst að tryggja fjármögnun menntastofnana á svæðinu til frambúðar. Þekkingarsetrið og Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum styðja tillöguna og telja mikilvægt að hún verði samþykkt af Alþingi.

Virðingarfyllst,

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja

Halldór Pálmar Halldórsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum